


VEIÐIDAGBÓK



VEIÐISTIÓRA
EMBAETTID

1999

MAGELLAN

GPS 315



- Gagnagrunnur með yfir 15.000 staði sem hægt er að nota sem vegpunkta
- Hægt að hlaða punktastöfnum niður af geisladisk
- Þar að auki 500 venjulegir vegpunktar
- Meðaltalsútreikningur á staðsetningu
- 10 ára innra minni án rafhláða
- Norðurvisir út frá tungli og sól
- 1200 ferilpunktar
- 12 rása móttakari
- Kilómetrateljari
- Tölvutenging
- 9 skjámyndir

NBB LJÓS



LEITAR LJÓS



CB FM/AM

Talstöðvar og loftnet

Einstaklega fyrirferðarlítill

AUKARAF

Skeifan 4 • s: 585 0000

Efnisyfirlit

Leiðari	2
Refir og minkar	3
Refarannsóknir á Hornströndum árið 1998	7
Fjöldi og viðkoma Dilaskarfs	10
Lundarannsóknir í Stórhöfða	14
Veiðiskýrsla	18
Veiðidagbók veiðimannsins	20
Veiðitölur	29
Gagnkvæmir hagsmunir	31
Friðlýst svæði	32
Kort af friðuðum svæðum	34
Happdrætti	38
Fuglamerki hvað á að gera við þau	40
Boð og bönn	42
Veiðitímabil, tafla	45
Vængir veita upplýsingar	46
Veiðikortakerfið	48

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veiðistjóraembættið • Hafnarstræti 97 • 600 Akureyri
s: 462-2820 • bréfasími: 462-2325 • NMT: 854-2992.

Heimasíða: www.ni.is/veidi • Tölvupóstur: veidist@ni.is

Ljósmynd á forsiðu: Jóhann Óli Hilmarsson

Prentvinnsla: Ásprent/pob • 600 Akureyri • s: 462-4966

Rittstjóri: Áki Ármann Jónsson, Veiðistjóri

Ábyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson, Veiðistjóri



LEIÐARI

Áki Ármann Jónsson
Veidistjóri

VEIÐISTIÓRA



Nýlega birtist í hinu virta breska skotveiðiblaði, „Shooting times and country magazine“, grein um sameiginlegan grágæsastofn okkar Breta þar sem farið er lofsamlegum orðum um íslenska veiðikortakerfið. Í Bretlandi er ekkert veiðikortakerfi og því líta þeir til Íslenska veiðikortakerfisins sem fyrirmynd að sínu eigin kerfi.

Áreiðanlegar veiðitölur, hóflegt gjald, nafnlausar veiðiskýrslur, hæfnisnámskeið og ekkert veiðikort nema veiðiskýrslu seinasta árs sé skilað eru kostir sem breskum skotveiðisamtökum hugnast vel. (Þess má geta að Bretar eru frægir fyrir fælni sína gagnvart veitingu persónuupplýsinga, kannski má rekja það til skáldsögu G.O. „1984“. Því er sú ákvörðun að taka upp veiðikortakerfi viðkvæmt mál í þeirra augum, jafnvel viðkvæmara en þegar veiðikortakerfið var tekið upp hér á landi.)

Samkvæmt alþjóðasamningum eru veiðitölur og rannsóknir á fuglastofnum undirstaða sjálfbærrar nýtingar á sameiginlegum fuglastofnum eins og t.d. grágæsinn sem verpir hér á sumrin en er á Bretlandseyjum á veturna. Nú eru

ýmsar blíkur á lofti um að of mikið sé veitt af grágæs og þá standa breskir skotveiðimenn höllum fæti í umræðunni þar sem ekkert veiðikortakerfi sambærilegt við okkar er í gamla drottningarveldinu. Bresk náttúruverndarsamtök (Wildfowl and Wetlands Trust) hafa hins vegar talið grágæsinnar á hverjum vetri á Bretlandseyjum og þúsundir grá- og heiðagæsa hafa verið merktar á Íslandi í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og WWT. Á seinasta ári var t.d. úthlutað 4. milljónum króna úr veiðikortasjóði í verkefnið.

Íslenska veiðikortakerfið hefur nú verið í gildi á fimmta ár og nú um áramótin voru veiðiskýrslur sendar út til rúmlega 15.000 veiðikorthafa. Veiðitölurnar sem veiðikorthafar hafa skilað til baka hafa reynst gulls ígildi fyrir fuglafræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands og Veiðistjóraembættið til þess að meta veiðipól veiðidýra.

Þess má til gamans geta að Veiðistjóraembættið verður áþreifanlega vart við þá sprengingu sem hefur orðið í netnotkun því það sem af er árs hafa 20x fleiri skilað inn veiðiskýrslu á netinu/tölvupósti en á sama tíma í fyrra.

REFIR OG MINKAR

VEIÐISTIÓRA



ÁKI ÁRMANN JÓNSSON VEIÐISTJÓRI


VEIÐISTIÓRAEMBÆTTIÐ

Mjög góð skil voru á skýrslum frá sveitarfélögum vegna refa- og minkaveiða á árinu 1998. Aðeins um tugur sveitarfélaga skilaði ekki inn skýrslu. Það er með betri skilum frá stofnun embættisins 1957. Hér að neðan eru kostnaðartölur fyrir 1998 og til samanburðar kostnaðurinn 1997 og 1996.

Árið 1998 - tölur frá 1997 og 1996 eru innan sviga:

	Refir			Minkar		
	1998	1997	1996	1998	1997	1996
Veidd dýr:	3.586	(3.299)	(2.924)	6.439	(6.156)	(5.753)
Vinnustundir	14.814	(15.295)	(36.860)	14.039	(13.693)	(13.426)
Eknir km.	44.555	(46.801)	(90.460)	68.062	(67.985)	(65.550)
Kostnaður, millj. króna.	35,4	(31,6)	(37,0)	24,8	(23,2)	(21,9)
Kostnaður pr. veitt dýr:	9.874	(9.595)	(12.687)	3.850	(3.767)	(3.822)
Vinnustundir pr. veitt dýr:	4,1	(4,6)	(12,6)	2,2	(2,3)	(2,3)
Eknir km. pr. veitt dýr:	12,4	(14,2)	(30,9)	10,6	(11,1)	(11,4)

Refaveiði 1957-1998



Á síðasta ári veiddust fleiri refir en áður frá því að Veiðistjóraembættið var sett á laggirnar 1957. Með

breyttum endurgreiðslureglum hafa skil á skottum batnað og verður fróðlegt að sjá hver þróunin verður á

næstu árum. Margt bendir til þess að refurinn hafi brugðist við auknu veiðiálagi með því að auka frjósemina og náð þannig upp fyrri stofnstærð. Næstu ár munu svara þeirri spurningu hvort við séum kominn upp í hámarksafrakstursgetu stofnsins eða hvort aftur hefjist samdráttartímabil.

Minkaveiðin er á uppleið og stefnir í nýjan topp á næstu árum. Í þeim tilraunum okkar að halda minkastofninum niðri erum við í besta falli á skipulögðu undanhaldi, í versta falli er stríðið tapað með núverandi aðferðum. Ljóst er að á næstu árum verðum við að þróa nýjar veiðiaðferðir og embættið verður að fá fjárveitingu til þess að stunda rannsóknir.

Auka verður veiðiálagið á minkinn með gildruveiðum og þróa nýjar gildirur. Gera þarf tilraunir með lyktarefni til þess að laða minkinn að gildrunum. Einnig hefur reynt vel í Finnlandi notkun þrýstilofts til þess að ná mink upp úr urð í stað þess að nota dýnamít og bensín með tilheyrandi náttúruspjöllum. Veiðistjóri hefur í hyggju að fara til Finnlands á komandi vori og kynna sér þessar nýju aðferðir. Vonandi fæst síðan fjármagn til þess að gera tilraunir með þessar nýju veiðiaðferðir á komandi sumri.



Allt fyrir veiðimanninn!
Haglabyssur, rifflar, skot, camófatnaður, leirdúfur og leirdúfukastarar, felunet, byssutöskur, byssuólar, skotbelti, o.fl., o.fl.
Góðvara - gott verð


Hull skotin hafa reynt frábærlega vel til gæsa-, rjúpna-, og svartfuglsveiða.

Sendum í póströfu um land allt.

Sportbúðin Títan ehf.
Seljavegi 2, 101 R.vík. S: 551-6080



Minkaveiði 1957-1998



SÉRVERSLUN SKOTVEIÐIMANNSINS



Bíldshöfða 12 • Reykjavík • sí: 567-5333 • f: 567-5313
Argötu 14 • Húsavík • sími: 464 - 1009 • fax: 464 - 2309

REFARANNSÓKNIR Á HORNSTRÖNDUM ÁRIÐ 1998



Dr. PÁLL HERSTEINSSON LÍFFRÆDISTOFNUN HÍ PRÓFESSOR

Sumarið 1998 hófust rannsóknir á refum í Hornstrandafriðlandi, m.a. fyrir tilstyrk Veði kortasjóðs. Auk Líffræðistofnunar Háskólans, tóku Náttúrustofa Vestfjarða og Porvaldur Björnsson, starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands, virkan þátt í verkefninu. Megintilgangur rannsókna var að kanna far ungra refa frá fæðingarstað sínum, fyrst og fremst þær vegalengdir sem þeir leggja að baki áður en þeir setjast um kyrrt og taka sjálfir að koma upp nýrri kynslóð refa. Hér er um að ræða langtíma verkefni og enn munu líða nokkur ár áður en niðurstöður liggja fyrir.

Segja má að verkþáttum sumarið 1998 megi skipta í tvennt. Annars vegar var farið á flest greni í Sléttuhreppi hinum forna og þau staðsett með GPS-tæki en það hafði áður verið gert í þeim hluta friðlandsins

sem tilheyrir Grunnavíkurhreppi. Jafnframt var skráð hvort grenin væru í notkun en auk þess voru yrðlingar eyrnamerkir þegar færi gafst. Samtals voru 24 yrðlingar eyrnamerkir og eru þá meðtaldir þeir 9 sem fengu radiósenda og fjallað er um hér að neðan. Kostur þess að skrá staðsetningar grenja með GPS-tæki er sá að hér eftir verður mun auðveldara að finna grenin til þess að fylgjast með því hvort þau eru í notkun.

Hins vegar var fylgst með atferli yrðlinga á tveim grenjum í Hlöðuvík og Kjaransvík og þeir gerðir "gildruglaðir". Hólmríður Sigþórsdóttir líffræðingur og Ester Rut Unnsteinsdóttir líffræðinemi sáu um þennan þátt rannsókna. Lagðar voru lífgildir við grenin og þær egndar reglulega. Með því móti var hægt að veiða yrðlingana fyrirhafn-

arlitid í gildrunar í lok ágúst, þegar þeir voru orðnir nógu stórir til þess að bera radiósenda í hálsbandi. Þá voru settir gervihnattasendar á fimm yrðlinga en slíkir sendar hafa ekki áður verið framléiddir fyrir refi. Því var ekki vitað fyrir fram hvernig þeir reyndust. "Hefðbundir" VHF-sendar voru settir á aðra fjóra yrðlinga en meiri reynsla er af slíkum sendum. Auk þess var VHF-sendir settur á eitt fullorðið dýr, föður yrðlingana fimm sem fengu gervihnattasenda. Tilgangurinn með notkun radiósenda er að fá nákvæmari upplýsingar um ferðir yrðlinganna, er þeir yfirgefa heimasvæði foreldranna, en fást með eyrnamerkingum eingöngu. Sumarið var einnig notað til þess að fylgjast með atferli yrðlinganna innbyrðis, sem og milli þeirra og foreldranna. Lönfum hefur verið deilt um hvaða yrðlingar fari fyrst að heiman, þ.e. þeir sem eru efstir í virðingarröðinni eða þeir sem eru neðstir í henni. Ekki hefur enn verið unnið úr atferlisfræðigögnunum að fullu.

Er skemmst frá því að segja að fjórir af fimm gervihnattasendum biluðu innan tveggja mánaða en einn virkar enn þegar þetta er ritað, í fyrri hluta janúar 1999. Yrðlingurinn sem er með virkan gervihnattasendi

er farinn að heiman fyrir nokkru og virðist vera sestur að í Fljótavík, um 12 km frá fæðingastað sínum. Af yrðlingunum fjórum, sem fengu hefðbundna senda, var einn skotinn utan friðlandsins í nóvember og hafði hann þá lagt að baki rúma 60 km. Bræður hans tveir voru einnig farnir að heiman um 20. nóvember þegar sá, sem þetta ritar, var á ferð á Hornströndum, en eina systirin í hópnum var þá enn á heimasvæði foreldranna.

Stefnt er að því að halda rannsóknnum þessum áfram. Einu fyrirbyggjandi upplýsingarnar um ferðir ungra refa að heiman eru frá eyrnamerkingum sem fóru fram á árunum 1980-82 og greint var frá í síðustu Veiðidagbók. Þær merkingar bentu til þess að meðalvegalengdin, sem ungir refir legðu að baki áður en þeir settust um kyrrt, væri um 24 km en að u.þ.b. 10% refa færu meira en 40 km. Hér er átt við "stystu mögulegu vegalengd" og er þá miðað við beina stefnu, nema hvað vitaskuld er gert ráð fyrir að dýrin kræki fyrir firði. Undirritaður hefur heyrt gagnrýni á þessa aðferð þar sem viðkomandi refir hljóti að hafa farið lengri vegalengdir í raun. Þetta er auðvitað hárrétt. En staldri menn við og hugleiði mismunandi aðferðir til

að mæla vegalengdirnar munu menn fljótt átta sig á að aðeins er hægt að mæla "stystu mögulega vegalengd" á einn hátt en aðferðir til að mæla lengri vegalengdir eru óteljandi og ávallt komnar undir vali mælandans og því marklausar nema menn hafi meiri upplýsingar

en merkingar og endurheimtur einar veita. Og þar með erum við aftur kominn að notkun gervihnattasenda! Þeir munu veita þessar upplýsingar í framtíðinni. En fyrst þarf að komast fyrir þann galla sem varð þess valdandi að fjórir þeirra biluðu í vetur.



Læðan Bina ásamt dóttur sinni Birgittu sem er með gervihnattasendi í hálsbandi. Myndin er tekin í Hlíðuvík á Hornströndum í lok ágúst 1998. Ljós. Hólmfríður Sigþórsdóttir.



www.ni.is/veidi

FJÖLDI OG VIÐKOMA DÍLASKARFS

VEIÐISTJÓRA



ARNÞÓR GARÐARSSON LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Inngangur

Hér á landi og annars staðar með ströndum Norður-Evrópu verpa tvær skarfattegundir, díla-skarfur og toppskarfur. Báðar tegundirnar verpa í byggðum á eyjum og skerjum á Breiðafirði og Faxaflóa. Toppskarfurinn velur brattari sker en dílaskarfurinn og verpur auk þess í fuglabjörgum á Bjargtöngum, Snæfellsnesi og Reykjanesskaga. Hann er að miklu leyti staðfugl meðfram vesturströnd landins. Díla-skarfur er varpfugl á skerjum og hólum en dreifist að vetrinum með ströndum allt í kringum land.

Skarfar eru stórir og matarmiklir fuglar og hafa löngum verið nytjaðir hér. Nú á dögum eru fullvaxnir ungar slegnir áður en þeir yfirgefa vörpin og skarfar eru skotnir með ströndum fram á veturna. Veiðimenn sækjast mest eftir ungfuglum á fyrsta vetri, en þeir eru auðgreind-

ir frá gömlum skörfum á lit: fullorðnir dílaskarfar eru alsvartir að neðan en ungfuglar á fyrsta vetri eru brúnleitir með hvítan kvið. Samkvæmt skýrslum Veiðistjóra voru veiddir 2500 til 3000 dílaskarfar hvert árið 1995 og 1996 og um 5000 til 6500 toppskarfar. Þetta eru háar tölur, því að stofnstærð dílaskarfs er ekki nema 3000 varppör og stofn toppskarfs er innan við 7000 pör.

Markmið þeirrar rannsóknar sem nú stendur yfir á dílaskarfi er í fyrstu að komast að því hvort tengsl eru milli ungaframleiðslu að hausti og breytinga á fjölda varpfugla. Til lengri tíma litið er stefnt að því að kanna einnig fæðugrundvöll og hugsanleg áhrif veiða á dílaskarfsstofninn.

Talningar

Báðar skarfattegundirnar gera sér stóra hreiðurhrauka sem skera sig úr skjannahvítum bakgrunni

mynduðum af skarfadriti. Skarfabbyggðirnar sjást því vel á löngu færi og fremur auðvelt er að telja skarfs-hreiðrin af myndum sem teknar eru úr lofti á stuttu færi. Báðar tegundirnar hafa verið taldar á þennan hátt hér við land á síðustu áratugum og hafa þessar talningar verið framkvæmdar á vegum Líffræðistofnunar háskólans, jafnhliða margþættum könnunum á fjölda sjófugla við Ísland. Mikil reynsla er þegar komin á að meta fjölda hreiðra í dílaskarfsbyggðum og er það gert með lóðrétttri myndatöku úr um 240 m hæð. Oftast nægir að taka eina til þrjár myndir af hverri byggð en stöku snum allt að 10 myndir. Notaðar eru 70 mm litskyggnur og talið af myndunum undir viðsjá og er þá lögð glæra yfir skyggnum og merkt við hvert talið hreiður með nálaroddi.

Dílaskarfur er einn af þeim fuglum sem auðveldast er að telja í varpi en það gefur möguleika á að meta, með tiltölulega mikilli nákvæmni, fjölda hreiðra, en sú tala samsvarar nokkurn veginn fjölda verpandi para, eða með öðrum orðum þeim hluta stofnsins sem verpur. Talningar á hreiðrum í byggðum dílaskarfs hafa farið fram öðru hverju frá 1975 og ná þessar talningar til

allra þekktra dílaskarfsbyggða við landið. Talningarnar sýna mikinn breytileika í fjölda. Árið 1975 töldust um 3400 hreiður, 1983-4 um 2900, 1989-90 voru þau 3700 og 1994 um 2500. Frá 1994 hefur verið talið árlega í öllum byggðunum. Breytingar á fjölda varpfugla eru að mestu í takt yfir allt útbreiðslusvæðið (Faxaflóa og Breiðafjörð) en fjöldinn í einstökum byggðum breytist þó stundum um mjög mikið milli ára. Þrátt fyrir breytileika milli tímabila er heildarvarpstofn inn sennilega í langtíma-jafnvægi.

Viðkoma og umhverfisþættir

Þessar fyrstu niðurstöður um fjölda í varpstofni dílaskarfs gefa tilfni til að reyna að bæta gögnin og freista þess að kanna orsakir stofnbreytinga, en þar koma til bæði innri stofnþættir eins og viðkoma og dauðsföll og umhverfisþættir svo sem fæðuskilyrði og áhrif veiða og annarra nytja. Með árlegum talningum frá 1994, þegar fjöldi varpfugla var með minnsta móti hefur komið í ljós fjölgun og flest bendir til þess að til lengri tími litið ríki jafnvægi í þessum stofni. Æskilegt er þó að halda áfram að telja stofninn árlega enn um sinn.

Nú eru auk þess hafnar nánari rannsóknir á stofnferli dilaskarfs, í fyrstu á framleiðslu unga. Þar kemur einkum til greina að telja dilaskarfa víðs vegar með ströndum landsins að vetrinum og meta hlutfall unga í stofninum. Þessi þáttur rannsóknanna hófst haustið 1998 og áætlað er að kanna hlutfall ungra dilaskarfa aftur á útmánuðum 1999. Þegar þetta er ritað er sú gagnasöfnun að hefjast og er stefnt að því

að ítarleg stöðuskýrsla um hlutföll ungra dilaskarfa 1998-1999 verði tilbúin vorið 1999. Um leið verður tekin ákvörðun hvort reynt verður að halda þessari könnun áfram enn um sinn og þá hvernig. Gert er ráð fyrir að dilaskarfar verði kynþroska 2-5 ára og er varla raunhæft að reikna með marktækum niðurstöðum um samband aldurshlutfalla og varpstofns fyrir enn að loknum 5 ára athugunum.

Gerist varla betra

Garmin GPS 12CX

- ◆ Litaskjár & „zoom“ takkar
- ◆ 36 tíma rafhlöðuending
- ◆ 12 rása móttakari
- ◆ 1000 vegpunkta minni
- ◆ 16 gerðir af merkjum
- ◆ 2048 ferilpunktar í plottar
- ◆ Tracback breytir ferli í leið
- ◆ Vatnshelt að 1 metra dýpi
- ◆ Tengjanlegt við tölvu & útiloftnet



R. SIGMUNDSSON

Fiskislóð 84 • Sími: 520 0000 • Fax: 520 0020
Netfang: rsigmundsson@rs.is

Ing. & Landverk

ALLT Í SKOTVEIÐINA



- Gönguskór, margar gerðir
- Legghlífar
- Broddar

Öll helstu merkin í útvistarfatnaði

Nærfatnaður í úrvali

- Bakpokar
- Svefnpokar
- Hitabrúsar
- Áttavitar
- Þurrmatgur
- o. fl.



66°N VERSLUNIN

SEXTIÚ OG SEX NORÐUR

GLERÁRGÖTU 32 • 600 AKUREYRI • SÍMI 461-3017

LUNDARANNSÓKNIR Í STÓRHÖFÐA

VEIÐISTJÓRA



Gísli J. Óskarsson Vestmannaeyjar

Verkefnið er styrkt af Veiðikortasjóði. Það hefur verið unnið í nánú samstarfi við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands og Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum. Samhliða þessu hefur verið leitað til Óskars Sigurðssonar, vitavarðar og fuglamerkingarmanns í Stórhöfða um ráðgjöf við staðarval og aðgang að upplýsingum sem hann býr yfir.

Þá hefur samstarf verið gott við veiðimenn í Stórhöfða sem hafa sýnt rannsóknunum mikinn áhuga og verið boðnir og búnir til aðstoðar í hvívetna. Einnig hafa nemendur í Barnaskóla og Framhaldsskóla Vestmannaeyja tekið þátt í rannsóknunum.

Lundarannsóknir

Markmið verkefnis er að kanna

veiðiþol lundastofns á afmörkuðu landssvæði, Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Einnig verða lundaholurnar í byggðunum taldar ásamt því sem þéttleiki þeirra í hverri byggð verður ákvarðaður. Síðast og ekki síst verður að rannsaka atferli lundans í holu sinni. Rannsóknir þessar hafa verið kvikmyndaðar samkvæmt því sem þeim hefur miðað áfram og verður framleitt myndband um þessar rannsóknir að afloknu rannsóknartímabilinu.

Stofnstærð:

Fyrstu niðurstöður rannsókna benda til þess að lundaholur í Stórhöfða séu um það bil 100.000 talsins sem gefur stærð varpstofns

um 200.000 fugla. Ofan á þessa tölu bætist við ungfugl sem kemur í byggðirnar nálægt 11. viku sumars. Sé tekið mið af aldurslutfalli ungfugls í veiði og tilraunum fugla til holugerðar er ekki fjarri lagi að ætla að nálægt fimmtíuþúsund ungfuglar komi af hafi miðsumars og bætist við stofninn sem fyrir er í Höfðanum.

Lundabyggðir:

Lundabyggðum í Stórhöfða má skipta niður í 12 svæði, stór og smá. Stærsta byggðin er rúmí 32 þúsund fermetrar, en sú minnsta er 100 sinnum minni eða 330 fermetrar. Samanlagt eru byggðirnar um 84.500 fermetrar. Þar af eru rúmlega 31% af flatarmáli byggðanna í sjálfu berginu, en hinar eru ofan við brúnir eða á stórum syllum utan í berginu.

Þéttleiki lundahola í einstökum byggðum er ákaflega breytilegur allt frá því að vera tæpar 2 holur á fermetra niður í það að vera 1 hola á hverja 2 fermetra.

Þéttleiki hola milli einstakra byg-


gða getur því verið allt að fjórfaldur. Á heildina litið er þéttleiki holanna yfirleitt meiri í stærri lundabyggðunum heldur en þeim smærrí.

Ekki liggja enn fyrir endanlegar tölur um holufjölda í sjálfu berginu, enda erfitt um vik. Þó liggur fyrir að holufjöldi í bjargi er nokkuð breytilegur á fermetra, ekki síður en í grasi-vöxu byggðunum ofan við brúnir. Sé tekið mið af þeirri óvissu sem nú liggur fyrir varðandi fjölda hola í björgunum, má segja með öryggi að í Stórhöfða sé fjöldi lundahola á bilinu 95.000 til 105.000 holur.


Atferli lunda í holu.

Það er talið að lundi í lundabyggð þoli talsverða umferð manna og skepna án þess að hún virðist valda sýnilegum breytingum á hátt-erni hans „utandyra“. Sennilega er málið ekki algveg svona einfalt þegar grannr er skoðað. Þrátt fyrir að vera mikil félagsvera er hver lundi einstaklingur og þannig verða menn að líta á hann í tenslum við atferlisrannsóknir.

Graf 1.a




Graf 1.b



Það hefur komið í ljós að lundinn þolir illa truflun inni í holu sinni, svo sem þegar hola er opnuð í eða við


hreiðurkima eða lundinn tekinn í holu. Slíkt áreiti þolir lundinn því verr sem hann er yngri.



Graf 1.c



Graf 2



Fugl sem er að verpa í fyrsta eða í annað sinn afrækir eggjö og hola þegar í stað eftir áreitið og skiptir ekki máli hvenær á útgunartíma áreitið verður. Hann vitjar jafnvel holunnar ekki aftur fyrr en síðsumars.

Eldri fugl afrækir eggjö eftir tvö eða þrjú slík áreiti. Verði hann fyrir truflun inni í holu meðan á uppeldi pysjunnar stendur líða að minnsta kosti tveir til fjórir dagar þar til hann snýr aftur. Þessi tími stýttist niður í 1 til 2 daga þegar sá tími nálgast að pysjan yfirgefur holuna.

Lundapysjur:

Mælingar benda til þess að sumarið 1997 hafi nálægt 39.000 pysjur komist á legg og flogið úr holu, en sumarið 1998 hafi 88.000 pysjur komist á legg og náð til sjávar.

Það er því ljóst að áferðið hefur verið mjög misjafnt þessi tvö sumur hjá lundanum. Sumarið 1997 hefur verið lundanum verulega erfitt, talsvert verið um það að varp eða egg hafi misfarist, ungdauði verið mikill og unginn komið seint úr egg.

Þær pysjur sem yfirgáfu holuna voru seinar á ferðinni. Þær voru léttar og veikburða borið saman við árin 1996 og 1998 (sjá graf 1 a,b,c).

Margt bendir til þess að orsakavaldar að þessari útkomu árisins 1997 hafi verið miklir vorkuldar, votviðrasamt sumar og skortur á æti í sjó

Líflíkur:

Einn afkastamesti fuglamerkingamaður landsins er Óskar Sigurðsson, vitavörður í Stórhöfða. Sumarið 1993 náðust tveir lundar í Vestmannaeyjum sem Óskar hafði merkt árið 1962.

Báðir voru lundarnir teknir á hreiðri í holu og hafa þá verið a.m.k. 4 ára gamlir. Samkvæmt framangreindu má áætla að þessir tveir fuglar hafi verið orðnir 35 ára gamlir.

Þá merkti Óskar pysju í holu árið 1960 og endurheimtist hún á hreiðri í holu í Stórhöfða árið 1992. Fuglinum var sleppt aftur, þá 32 ára gömlum.

Spurningin er aðeins þessi hversu stór hluti stofnsins nær þessum aldri. Til þess að varpa nokkru ljósi á þetta skal aftur leitað í smíðju Óskars. Í áratugi hefur hann haldið sérstaka skrá yfir lunda sem hann hefur merkt sem ófleyga unga á hreiðri, endurheimt síðan og sleppt aftur. Samkvæmt þeim gögnum virðast líflíkur lundans nokkuð góðar, eftir að 5 ára aldri er náð. Eftir að 24 ára aldri er náð fer að halla hægt undan fæti fram að þritugu og öllu er lokið fljótlega eftir að þeim aldri hefur verið náð (sjá graf 2).

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal

	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veiðisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veiðistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Tegund _____ kk ung. kk fullo. kvk ung. kvk fullo. samtal


	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal

Veidisvæði: VE VF NV NE AU SU
 Veidistaður: _____ dags: _____
 Landeigandi: _____ sími: _____
 Vindátt: _____ Úrkoma: _____
 Annað: _____

Teigund	kk ung.	kk fullo.	kvk ung.	kvk fullo.	samtal



Beretta
dal 1526



SIMMONS

BRNO ARMS



HOPPE'S



ÍSNES HF.

Höfðabakka 9c
112 Reykjavík
Sími: 587-9090
Fax: 587-9590

VEIÐITÖLUR

Ath. að heildarstofnstærð er ((varppör x 2) + ökynproska fuglar)

Dæmi: Rjúpnastofn að hausti ((75.000 x 2) + 700.000 ungar) = 850.000 fuglar


	1995	1996	1997	Stofnst. að vori-Varppör nema annað sé tekið fram.
Svartbakur	35.787	32.748	29.076	50.000
Silamáfur	22.340	22.390	26.808	25.000
Silfurmáfur	5.998	4.798	4.690	4.000
Hrafn	7.119	6.643	5.828	2.500
Grágæs	35.350	37.628	40.644	83.000*
Heiðagæs	10.695	12.178	14.522	200.000*
Blesgæs	3.237	2.944	3.176	32.000*
Helsingi	1.876	1.617	2.615	32.000*
Stökkönd	9.885	11.467	10.479	10-15.000
Urtönd	1.033	1.377	1.193	3-5000
Rauðhöfðaönd	684	704	624	4-6.000
Duggönd	101	173	232	4-6.000
Skúfönd	126	70	158	6-8.000
Hávella	2.022	1.860	1.470	1-3.000
Toppönd	488	757	672	2-4.000
Hvitmáfur	3.942	4.546	3.620	8.000
Hettumáfur	2.958	2.696	2.443	25-30.000
Rita	1.371	1.461	2.324	900.000
Dilaskarfur	2.550	2.975	2.678	2-3.000
Toppskarfur	5.128	6.499	4.396	8-9.000
Fyll	8.059	8.920	10.093	1-2. millj.
Álka	18.461	27.573	20.510	380.000
Langvía	52.867	65.099	58.132	990.000
Stuttnefja	15.114	20.479	14.943	580.000
Teista	3.424	4.077	3.868	20-30.000
Lundi	215.517	232.936	151.485	2-3. millj.**
Rjúpa	123.392	157.900	163.711	50-100.000
Kjói	2.617	2.292	1.907	5-10.000
Refur	3.677	3.535	3.888	3.900***
Minkur	6.341	6.693	7.779	>3.500***
Hreindýr	329	359	259	2.500***
Súluungar	707	994	636	23.000
Skýrsliur	1995	1996	1997	Uppfært 28.01 1999
Fjöldi skilað	10.644	11.640	10.650	
% skilað	94,96%	93,15%	94,05%	

* Heildarfjöldi fugla að hausti á Bretlandseyjum

** Vantar veiðitölur úr Vestmannaeyjum 1997

*** Fjöldi dýra að vori

HVER GÆTIR HAGSMUNA ÞINNA?



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Laugavegi 103, 4. hæð, 105 Reykjavík. sími. 551 4574 bréfsími. 551 4584
Skrifstofan er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá 13-17

GAGNKVÆMIR HAGSMUNIR

VEIÐISTJÓRA



Sigmar B. Hauksson formaður SKOTVÍS

Línur í landréttarmálum eru nokkuð að skýrast hvað varðar skotveiðar. Þjóðlendufrumvarp ríkisstjórnarinnar mun verða til mikilla bóta fyrir alla aðila, ekki síst landeigendur og skotveiðimenn. Þá hafa dómur hæstaréttar, þar sem dæmt hefur verið í málum skotveiðimanna sem taldir hafa verið á veiðum í heimalöndum bænda og annara landeigenda, verið nokkuð afdráttarlausir. Andi dómanna hefur verið sá sami, menn verða að geta sannað eignarétt sinn á landi og geta ekki framselt annað land en þeir svo sannarlega eiga. Vonandi fer hinum svokölluðum gráu svæðum fækkandi, þannig að íslenskir skotveiðimenn geti haldið til veiða án þess að hafa áhyggjur af því að verða "veiðipjófar" gegn vilja sínum. Ég get fullyrt að flestir, já meginþorri íslenskra skotveiðimanna, vilja hafa allt sitt á hreinu. Þeir vilja ekki troða bændum um tær eða stunda veiðar í heimildarleysi. Það er þó rétt að það komi hér skýrt fram að við hjá Skotveiðifélagi Íslands vitum það mæta vel að samskipti skotveiðimanna og bænda er í allflestum tilvikum afar góð, deilur og árekstrar teljast til undantekninga. Staðreyndin er hinsvegar sú að það eru viðtattu-

miklar og góðar veiðilendur sem eru í eigu bænda og sveitarfélaga. Þá er það einnig staðreynd að þeim fjólgar veiðimönnum, einkum hér á suðvesturhorninu, sem telja sig ekki eiga í nein hús að vanda hvað varðar land til að stunda veiðar á. Ekki ósjaldan hafa fjársterkir aðilar leigt góðar veiðijarðir. Er ekki til lausn á þessu vandamáli, gætu bændur og skotveiðimenn ekki unnið nánar saman? Ég leyfi mér að gera það að tillögu minni að bændur og skotveiðimenn hefji viðræður um gagnkvæmt samstarf. Víða hefur orðið mikil fólksfækkun í sveitum. Skotveiðimenn gætu t.d. aðstoðað bændur við að smala, eða stundað veiðar á töfu eða mink. Í staðinn fengu skotveiðimenn að stunda skipulagðar veiðar, eftir nánara samkomulagi, í heimalöndum bænda og sveitarfélaga.

Að lokum er rétt að benda á að skrifstofa Skotveiðifélags Íslands er til húsa að Laugavegi 103 í Reykjavík. Skrifstofan er opin á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 13 til 17. Síminn þar er 551-4574, myndsendir er 551-4584, tölvupóstfangið er skotvis@islandia.is og heimasíðan er www.islandia.is/-skotvis

FRIDLÝST SVÆÐI

Náttúruvernd ríkisins

VEIÐISTIÐORA




Náttúruvernd ríkisins vekur athygli veiðimanna á því að hér á landi eru alls 80 friðlýst svæði og eru 77 þeirra friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum og 3 með sérlögum. Á friðlýstum svæðum, sem skipt er í þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvanga og önnur svæði, gilda sérstakar reglur og er hin almenna regla að veiðar eru þar óheimilar. Á eftirtöldum svæðum eru allar veiðar bannaðar nema annars sé getið. Nánari upplýsingar um svæðin er að finna í viðeigandi auglýsingum í B-deild Stjórnartíðinda eða á skrifstofu Náttúruvernd ríkisins. Sérstök athygli veiðimanna er vakin á því að í þeim tilfellum sem veiðar eru heimilær á friðlýstum svæðum ber ávallt að afla leyfis landeigenda.

Svæði	Augl.nr.	Athugasemdir
<i>Suðvesturland</i>		
Ástjörn	189/1978	
Ástjörn og Ásfjall	658/1996	
Borgir	269/1981	
Eldey	119/1974	
Gróttá	13/1984	
Hamarinn	188/1984	
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	Fuglaveiðar eru óheimilar
Valhúshæð	81/1998	
Varmárósar	506/1987	
Víghólar	778/1983	
<i>Vesturland</i>		
Búðahraun	357/1979	
Geitland	283/1988	
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Húsafellsskógur	217/1974	
Melrakkaey	118/1974	
Ströndin við Stapa og Hellna	284/1988	Fuglaveiðar óheimilar
<i>Vestfirðir</i>		
Flatey	395/1975	bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Hornstrandir	332/1985	
Hrísey	425/1977	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar
Vatnsfjörður	96/1975	Fuglaveiðar eru bannaðar nema með sérstöku leyfi.

<i>Norðurland Vestra</i>		
Hrútey í Blöndu	521/1975	Meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbajar. Eyðinga meindýra er heimil
Miklavatn	29/1977	
Spákonufellshöfði	444/1980	
<i>Norðurland Eystra</i>		
Böggvisstaðafjall	432/1994	Rjúpnaveiðar eru heimilar
Detifoss, Selfoss og Hafragilsfoss	457/1996	landeigendum er heimilar dýraveiðar
Friðland í Svarfaðardal	443/1980	Fuglaveiðar eru óheimilar
Herðubreiðarfriðland	272/1974	Meindýraveiðar bænda eru heimilar
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Vestmannsvatn	30/1977	Eyðing meindýra er heimil
<i>Austurland</i>		
Dima í Lóni	523/1975	
Esjufjöll í Breiðamerkurjökli	188/1978	
Fólkvangur Neskaupstaðar	333/1972	Eyðing meindýra er heimil með leyfi náttúruverndarnefndar Neskaupstaðar.
Hólmanes	393/1973	Meindýraveiðar til varnar æðarvarpi eru heimilar.
<i>Hvannalindir í Krepputungu</i>		
Ingólfshöfði	32/1973	388/1978
Kringilsárrani	524/1975	
Lónsöræfi	31/1977	Veiðiréttur landeigenda er óbreyttur
Ósland	427/1982	Eyðing meindýra er heimil skv. ákvörðun stjórnar fólkvangsins
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	Eyðing meindýra er heimil
Skaltafell	319/1984	
Skrúður	513/1995	ábúanda er heimil hlunnindanýting
<i>Suðurland</i>		
Dyrhólaey	101/1978	Hlunnindanýting bænda er heimil.
Dverghamrar	446/1987	
Gullfoss	141/1979	
Herdísarvík	121/1988	
Oddaflóð	634/1994	Fuglaveiðar eru bannaðar
Pollengi og Tunguey	457/1994	Fuglaveiðar eru bannaðar
Skógafoss	477/1987	
Surtsey	122/1974	skot bönnuð nær cynni en 2 km
Pingvellir	Lög 59/1928	Meindýraveiðar eru heimilar
Þjórsárver	507/1987	

FRIDLYST SVÆÐI

1. desember 1995



Kæru veidimenn

Þann 1. október 1998 tók gildi ný reglugerð um akstur í óbygðum og kemur þar fram að akstur utan vega er bannaður. Reglugerðin byggir á 16. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996.

Ástæða þess að sérstök reglugerð er sett um bann við akstri utan vega er sú að íslensk náttúra er verðmæt auðlind sem taka verður tillit til. Gáleysisleg umgengni og átroðningur er líklegri til þess að valda meiri spjöllum hér á landi en í flestum öðrum löndum m.a. vegna norðlægrar legu landsins. Aðrir þættir sem ráða eru að hér er jarðvegur ríkur af ösku, vikri og öðrum áfoksefnum og því auðrofinn þar sem hann er grófur og laus í sér. Einnig að á hálendinu einkennist gróðurþekjan af mosaríku sverði þó þar megi finna gisinn háplöntugróður. Gróðurlendi sem þessi eru afar viðkvæm fyrir átroðningi, láta fljótt á sjá og eru lengi að gróa upp.

Kær kveðja, Náttúruvernd ríkisins

REGLUGERÐ um akstur í óbygðum.

1.gr.

Öllum er skylt að sýna varúð svo að náttúra landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu.

2.gr.

Allur akstur utan vega og merktra slóða þar sem náttúruspjöll geta af hlotist er bannaður.

Með náttúruspjöllum er meðal annars átt við spjöll á gróðri, jarðvegi og jarðmyndunum, myndun nýrra slóða, hvort sem er á grónu landi, þar með töldu mosavöxnu landi, eða ógrónu og skiptir ekki máli hvort líkur eru á varanlegum skaða eða tímabundnum.

Á friðlýstum svæðum gilda auk þess séraksturði um friðlýsingarákvæði.

3. gr.

Nauðsynlegum akstri utan vega í óbygðum skal jafnan hagað svo að engin náttúruspjöll eða lýti á landi hljóttist af.

Með nauðsynlegum akstri utan vega er átt við akstur vegna rannsóknna, björgunarstarfa og þess háttar. Við undirbúning ferðaáætlunar skal haft samráð við Náttúruvernd ríkisins sem getur sett skilyrði varðandi tækjabúnað og leiðaval.

Tilkynna skal fyrirfram um akstur til viðkomandi sýslumanns eða lögreglustjóra. Um nauðsynlegan fyrirvaralausan akstur utan vega skal tilkynna til viðkomandi sýslumanns við fyrsta tækifæri.

4.gr.

Náttúruvernd ríkisins getur í verndarskyni takmarkað umferð tímabundið eða lokað svæðum í óbygðum enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu til umhverfisráðherra. Slíkar reglur skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

5. gr.

Náttúruvernd ríkisins og vegamálastjóri gefa út kort, m.a. á vorin, með upplýsingum um ófærð á vegum og hvar óheimilt er að aka og á hvaða tímabili.

6. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 93/1996 um náttúruvernd, að fenginni tillögu Náttúruverndar ríkisins, og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 1. október 1998.

Guðmundur Bjarnason

Happdrætti

Þann 8. febrúar var dregið úr þeim 6.632 veiðiskýrslum sem embættinu höfðu borist. Eftirtaldir aðilar höfðu heppnina með sér.

1. verðlaun.

„Íslenskir fuglar“ e. dr. Ævar Petersen.

Pórir Eiríksson

Mávabraut 4b
230 Keflavík

2. verðlaun.

„Skotveiðar í íslenskrí náttúru“ e. Ólaf E. Friðriksson.

Jón Steindór Valdimarsson

Funafold 89
112 Reykjavík



J. Vilhjálmsson
Byssusmiðar • Armurerie
Norðurstígur 3a, 101 R.vík Sími 561 1950 Fax 561 1952

Málmsmíði	Almennar
Hnífasmíði og brýnsla	byssuvíðgerðir
Sérþöntun á varahlutum	Byssusmíði
Byssur á söluskrá	Skeftismíði og mátun
PECAR handsmiðaðir þýskir	Blámun
sjónaukar	Málmgröftur

Sérmenntaður skotvopnasmíður með diploma í byssu- og skeftismíði frá einum virtasta skóla í veröldinni Ecole d'Armurerie í Liege í Belgíu.

www.simmet.is/foki • E-mail: j.vilhjalmsson@ishof.is

3 - 7. verðlaun.

„Agga-gagg“ e. dr. Pál Hersteinsson.

Guðmundur Ómar Helgason

Lambhaga • 851 Hella

Stefán Kordtsen Bryde

Fjallalind 58 • 200 Kópavogur

María Björg Gunnarsdóttir

Logafold 174 • 112 Reykjavík

Einar Axel Gústavsson

Heiðarbrún 68 • 810 Hveragerði

Garðar Harðarson

Skólabraut 7 • 755 Stöðvarfjörður

8 - 20. verðlaun.

Áttaviti frá Skátabúðinni.

Birgir Hallgrímsson

Brekku/Geiradal • 380 Króksfjarðarnes

Bragi Benediktsson

Grimstungu II • 660 Reykjavílið

Sigurgeir Högnason

Holtagerði 18 • 200 Kópavogur

Sigurður Kjartan Jónmundsson

Ölduslóð 12 • 220 Hafnarfjörður

Haraldur Sigurmundsson

Spóarim 15 • 800 Selfoss

Sigbór Magnússon

Víðihvammi 8 • 200 Kópavogur

Harald Sigurðsson

Freyjugötu 9 • 101 Reykjavík

Sonja Elín Thompson

Aðalstræti 55 • 470 Pingeyri

Böðvar Jónsson

Grafardal • 301 Akranes

Jóhann Bjarki Ragnarsson

Hátún 20 • 230 Keflavík

Eiríkur Svansson

Bjarmastíg 4 • 600 Akureyri

Valpór Brynjarsson

Stapasíðu 15b • 603 Akureyri

Pórunn Egilsdóttir

Hauksstöðum • 690 Vopnafjörður

FUGLAMERKI HVÆÐ Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?



Fuglar eru merktir með númerðum málmhringjum/lithringjum/vægnælum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, lífs- lengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthafing merkingastöðvar og rað- tala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Íslandi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlitill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til rétttra aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veiðir merkt- an fugl, þá sendu upplýsingar um fuglinn til:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Fuglamerkingar
Pósthólf 5320
IS - 125 Reykjavík

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merкта fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merкта rjúpu eru beðnir að senda höfuð fuglsins ásamt merkinu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvurrar tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrotinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,
Náttúrufræðistofnun Íslands
sími 562 9822, símbréf 562 0815*



SPORTVÖRUGERÐIN
Mávahlíð 41 • 105 Reykjavík • sími: 562 8383 • Fax: 562 8382

Haglaskotin
hraðfleygu frá
EXPRESS

Minkabogar!



ELEY
HAGLASKOTIN

Hámarksgeði
Lágmarksverð



Údráttur úr lögum um veiðar

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er umhverfisráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfisráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en er ekki í

reglugerð þannig að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu veiðistjóraembættisins www.ni.is/veiði. Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

HEFUR RJÚPAN VERIÐ Í ÚTRÝMINGARHÆTTU VEGNA SKOTVEIÐA?

Þarf að fækka fálkum til þess að halda upp stórum rjúpnastofni fyrir veiðimenn? Hafa orðið breytingar í stofnsveiflum rjúpnar vegna ýmissa aðgerða manna? Var stytting veiðitímans 1993 verndun? Þessum spurningum er leitast við að svara í þessari bók. Auk þess má finna í bókinni ýmsan annan fróðleik um þennan umdeildasta fugl á Íslandi fyrr og síðar.

Bókin kostar aðeins 1500 krónur auk sendingarkostnaðar

Upplýsingar og pantanir:

Sími: 471-1648, farsími: 854-6446, fax: 471-2548



Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lög- býla enda geti enginn sannað eignar- rétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvíuveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskveiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufleka.
7. Fótboga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepíð eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hjóðgjafa.
10. Ljósgjafa.
11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.
12. Spegla eða annan búnað sem blíndar.
13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatekjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn svo og handlað- nar fjölskotabyssur (pumpur) og hálf- sjálfvirk með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki.

15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi brád. Hunda má hins vegar nota til að finna brád og sækja særða eða dauða brád.

17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílu meðan á veiði stendur.

Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Vélsleðar eru að sjálfsögðu vélknúin farartæki og falla undir þessa grein. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem eggja- eða ungataka súlu, dilaskarfs, topp- skarfs, fýls, skúms, hvitmafs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stut- nefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veiðar þessar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa er friðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl.** Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af.

Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

Veiðiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiðiskýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru friðaðir nema þeir sem friðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu hér til hliðar.

Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.

EINSTAKT VERK ÓLAFS E. FRÍÐRIKSSONAR

ÍSLENSK NÁTTÚRA Í ÖNDVEGI

BIBLÍA VEIÐIMANNSINS

ÍSLENSKU
Tilnefning

BÖKMENTAVERÐLAUNIN



BYSSUSKÁPAR



Varðveisla skotvopna er alvöru mál. Byssuskápur er ódýr leið til að fyrirbyggja óhöpp og þjófnað. Hvar geymir þú þínar byssur? **Stundum er enginn heima.**



Eru börnin ein heima með vinum sínum og byssunum þínum?



Gagni • Sunnuhlíð 1 • Akureyri
Sími 461-4025/854-8063
Bréfsími 461-4026
Netfang: gagni@centrum.is

	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst	Septembar	Oktober	Nóvember	Desember	
Tegund													Veiðitími
Svartbakur													Allt árið
Silamáfur													Allt árið
Silturmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.08 - 15.03
Heiðagæs													20.08 - 15.03
Fýll													01.09 - 15.03
Dilaskarfur													01.09 - 15.03
Toppskarfur													01.09 - 15.03
Blesgæs													01.09 - 15.03
•Helsingi													01.09 - 15.03
Stökkönd													01.09 - 15.03
Úrtönd													01.09 - 15.03
Rauðhöfðaönd													01.09 - 15.03
Duggönd													01.09 - 15.03
Skúfönd													01.09 - 15.03
Hávella													01.09 - 15.03
Toppönd													01.09 - 15.03
Hvitmáfur													01.09 - 15.03
Hettumáfur													01.09 - 15.03
Rita													01.09 - 15.03
Álka													01.09 - 15.03
Langvía													01.09 - 15.03
Stuttnefja													01.09 - 15.03
Teista													01.09 - 15.03
Lundi													01.09 - 15.03
Rjúpa													15.10 - 22.12
Kjöi													15.04 - 14.07

ATH! Helsingi er friðaður til 25. sept. í A-Skaftafellssýslu. Þar er kominn upp lífllí alíslenskur varpstofn sem nauðsynlegt er að taka tillit til.



VESTURRÖST



**MESTA ÚRVAL
LANDSINS AF
SKOTVEIÐIVÖRUM**

Vesturröst • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík
Sími: 551-6770 • 581-4455 • 553-3380

HÖNNUN ÁÐRÆTTI/ÞRÓB EHF.

VEIÐIKORTAKERFIÐ

Rekstur veiðikortakerfisins gekk vel á seinasta ári. Þó er útlit fyrir að kostnaður við kerfið verði 5.5 - 6 milljónir á ári í framtíðinni en það er lágt gjald að greiða ef á móti koma áreiðanlegar veiðitölur. Það vill oft gleymast að einn aðaltilgangurinn með veiðikortakerfinu er sófnun og úrvinnsla veiðitalna


Ár	Fj. Umsóknna	Utg. veiðikort	Gr. veiðikort	Innkoma	Rekstur
1995	11.572	11.516	11.208	16,8 millj.	6,9 millj.
1996	12.764	12.664	12.496	18,75 millj.	6,9 millj.
1997	11.601	11.422	11.202	16,9 millj.	6,3 millj.
1998	10.871	10.671	10.476	16,7 millj.	4,7 millj.

Á seinasta ári var úthlutað úr veiðikortasjóði til eftirfarandi verkefna:

Heiti	Upphæð	Stofnun	Styrkþegi
Vöktun Refastofnsins	1.123.360	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rannsóknir á íslenska villimink	1.700.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Rannsóknir á ferðum melrakka á 1. Vetri	1.700.000	Háskóli Íslands	Páll Hersteinsson
Félagskerfi gráanda	1.000.000	Háskóli Íslands	Arnþór Garðarsson
Rjúpnarannsóknir	4.000.000	Náttúrufræðist. Íslands	Ólafur Karl Nielsen
Gæsa-og andarannsóknir	4.600.000	Náttúrufræðist. Íslands	Arnór P. Sigfússon
Merking á greinum í Hornstrandarfir.	242.000	Veiðistjóraembættið	Þorv. P. Björnsson
Hreindýrannsóknir	300.000	Ýmsir	Guðmundur Jakobsson
Samtals	14.665.360		Sakkari Kankanpaa

ÍSLENSKIR FUGLAR

STÓRVIRKI FYRIR NÁTTÚRUNNENDUR



Alfræðibokin **Íslenskir fuglar** eftir dr. Evar Petersen er stórvirki í slaskrí bokaútgáfu.

Þetta er fyrsta yfirlitsritið um íslenska fugla eftir vísindamann a sviði fuglafræði og aldrei áður hefur birst jafnheilstætt safn málara mynda af fuglum í náttúru Íslands.

Vatnslitamyndir eru eftir Jon Baldur Hliðberg. Bokin opnar lesendum heillandi heim íslenskra fugla með aðgengilegum og yfirgrípsmiklum upplýsingum sem settar eru fram á nutnalegan og myndrænan hátt.

Umnið hefur verið að ritinu í arátug og er bokin **Íslenskir fuglar** langvðamesta útgáfu verkefni Vöku Helgafells frá upphafi.

Tryggðu þér stórvirkið íslenska fugla á sérstöku kynningarverði.

VAKA-HELGAPELL
SÍÐMULA 6 · 108 REYKJAVÍK,
SÍMI 550 3000

Lifandi útgáfa allt árið

Einstakt safn vatnslitamynda, korta og skýringarteikninga.

Nákvæmar lýsingar og myndir af 108 tegundum villtra íslenskra fugla.

Hreinn veiðipjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,
formfögur og skotvís

Remington®

Umboð á Íslandi:

Veiðiland